

# HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

# JÖKULL

1133. tbl - 24. árg.

31. október 2024



## Frumskýning á Ævintýrabókinni

Frumskýning á nýjasta verki Leikfélagsins Laugu fór fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík mánudagskvöldið 28. október. 20 leikarar settu upp fjölskylduleikritið Ævintýrabókina í leikstjórn Alexanders Stutz fyrir fullum sal en uppbókað var á sýninguna. Sýningin gekk eins og í sögu, söngur, grín og glens vakti mikla hrifningu meðal gesta og var skemmtilegt að sjá hve breitt aldursbilið var, bæði á sviði og úti í sal. Leikritið hefur fengið frábærar móttökur en uppselt er á þrjár af fjórum sýningum félagsins. Ævintýrabókin er sýnd miðvikudaginn 30. október, laugardaginn 2. og sunnudaginn 3. nóvember en uppselt er á síðustu tvær sýningarnar.

SJ



## Bleik messa



Sunnudaginn 27. október var haldin bleik messa í Ingjaldshólskirkju fyrir sóknarbörn Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls. Séra Ægir Örn Sveinsson þjónaði til altaris, kór Ingjaldshólskirkju söng undir stjórn og undirspili Elenu Makeeva og Alda Dís og Mummi spiluðu og sungu fyrir kirkjugesti. Var guðþjónustan tileinkuð bleikum október og þá sérstaklega aðstandendum krabbameinsgreindra líkt

og áhersla bleiku slaufunnar er á í ár. Birna Sigurðardóttir las upp fyrir kirkjugesti ráð til aðstandenda og eftir notalega stund í kirkjunni hélt söfnuðurinn niður í Safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju þar sem sóknarnefndin bauð í kökur og kaffi. Þar fluttu Alda Dís og Mummi fleiri lög auk þess sem Alda Dís lék og söng með börnunum.

SJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

# Krabbameinskvöld í Sögumiðstöðinni

Krabbameinsfélag Snæfellsness hélt upp á dag bleiku slaufunnar í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði miðvikudaginn 23. október. Virkilega góð mæting var á viðburðinn en það var bókstaflega fullt út úr dyrum þar sem einhverjir þurftu að fylgjast með fyrir utan salinn. Dagur bleiku slaufunnar í ár var tileinkaður aðstandenum og fékk Krabbameinsfélag Snæfellsness Guðrúnu Hrönn Hjartardóttir, sem hefur misst bæði móður og bróður úr krabbameini, til að halda erindi og mæðginin Pétur Steinar Jóhannsson og Júníönu Björgu Óttarsdóttir, en Pétur greindist með krabbamein um jólin 2023 og sögðu þau bæði frá sinni upplifun af ferlinu. Þá fékk Valgerður Helga Ísleifsdóttir orðið og talaði um viðburðinn sem hún hélt ásamt vinkonum sínum, Komdu í bingó, vinan, og afhenti Krabbameinsfélagi Snæ-



fellness ágóðan af bingóinu sem nam 1.415.000 krónum. Krabbameinsfélagi Snæfellsness hefur verið sýndur mikill fjárhagslegur stuðningur og velvild undanfarin

ár og vildi stjórn félagsins koma til skila þökkum fyrir það. Til að sýna þakklætið í verki veittu þau öllum þeim sem hafa staðið fyrir söfnunarátaki frá því ný stjórn félagsins tók við þann 11. mars síðastliðinn örlítinn þakklætisvott. Fengu allir þakklætisskjal og blómvönd en það voru Valgerður Helga Ísleifsdóttir, Anna Björg Jónsdóttir og Steinunn Tinna Þórðardóttir fyrir Komdu í Bingó vinan sem haldið var í byrjun október, Grunnskóli Snæfellsbæjar sem stóð fyrir góðgerðardögum í apríl sem þau kölluðu „Látum gott af okkur leiða“, Agnar Jónasson og Svala Jónsdóttir fyrir hönd fyrirtækisins Vökustauris en þau stóðu fyrir söfnun í maí, hlaupurum í Reykjavíkumaraþoninu en Inga Fanney Jónasdóttir hljóp hálfmaraþon til styrktar Krabbameinsfélagi Snæfellsness og Berglind Axelsdóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir, Sig-

urbjörg Jóhannesdóttir og Sigríður Elma Svanbjargardóttir hlupu 10 kílómetra. Hjónum Jóhannesi Ólafssyni og Kristjönu Hermansdóttir í Steinprent var svo þakkad fyrir þeirra stuðning í gegnum árin þegar kemur að prentun og öðru tengt auglýsingum fyrir félagið. Þá vill stjórn félagsins koma þökkum til allra þeirra sem styrkja félagið og hafa styrkt í gegnum árin á einn eða annan hátt.

Þegar allir höfðu lokið sínu máli bauð stjórn Krabbameinsfélags Snæfellsness öllum viðstöddum í bleikar veitingar og kaffi. Næsti viðburður Krabbameinsfélagsins verður haldin í Fjölbautaskóla Snæfellinga mánudaginn 4. nóvember kl. 18:00. Þar mun Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur hjá Krabbameinsfélagi Íslands, koma í heimsókn og vera með fyrirlestur um áhrif veikinda á fjölskyldur.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## 1x2 Getraunir

Vel var mætt á laugardaginn í Áttahagastofunni og góð stemming hjá fólkinu. Flestir spreyttu sig á að giska á úrslitin og tippuðu nokkrar raðir. Einn náði sér í vinning út á 10 rétt úrslit af 13, en aðrir voru með færri. Þetta er bæting frá fyrri laugardögum og vonandi fyrirboði

um betri tíð hjá okkar fólki. Við höldum áfram og verðum í Áttahagastofunni á laugardaginn á milli klukkan 11.00 og 12.00. Að sjálfsgöðu kaffi á könnunni, sem fyrr.

**Allt fyrir Víking.**



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.


Upplýsingar um auglýsingaverð  
á [www.steinprent.is](http://www.steinprent.is)



**STEINPRENT**  
436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

# Gólatónleikar

menningarnefndar Snæfellsbæjar



## Flytjendur:

Sigríður Þorlacius

Rakel Sigurðardóttir

Ómar Guðjónsson

Ásgeir Adalsteinsson

ásamt skólakór Snæfellsbæjar

sem tekur tvö lög með hljómsveitinni

Ólafsvíkirkirkja

28. nóvember kl. 20:00

Miðaverð kr. 4.000.



# Haustþing SSV og vegakerfið

16. október síðastliðinn var haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi haldið í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Á haustþinginu var meðal annars farið yfir ályktanir um atvinnumál, samgöngumál, heilbrigðisþjónustu og menntamál en það eru allt málefni sem hvíla mjög á landsfjórðunginum. Á meðal þessarra ályktanna var ein um vegakerfið á Vesturlandi. Segir þar að vegakerfið á Vesturlandi sé víða orðið svo lélegt að það er beinlínis hættulegt og annars staðar sé það til mikils ama og óþæginda, bæði fyrir íbúa og þá sem eigi leið um og noti vegakerfið. Þá kemur fram í ályktuninni að ástandi vega á Vesturlandi hraki mjög á sama tíma og umferð aukist mikið. Umferð ferðafólks eykst stöðugt í takt við landsins auk þess sem flutningur á sjávarafurðum vegi þar þungt. Er tekið fram að útbætur á Skógarstrandarvegi ættu að vera í forgangi, ráðast þurfi í framkvæmdir á leiðinni í gegnum Dali, alveg frá Miðdölum norður í Saurbæ. Þá þarf að byggja upp veginn um Laxárdalsheiði og Uxahryggi. Sveitarfélögin ályktuðu líka að brýnt verkefni í vegagerð á Vesturlandi væri úrbætur á leiðinni frá Borgarnesi, um Mýrar og vestur Snæfellsnesvegin. Ástand hans hefur verið

bágborið og hættulegt víða, sig og frostskemdir hafa gert veginn ósléttan, vegkantar eru víða brotnir og djúp hjólför á lögnum köflum. Heilbrigðisþjónusta á Vesturlandi var líka hitamál og var þar ályktað að brýnt væri að bæta húsakost og tækjabúnað heilsugæslustöðva í landshlutanum. Skorað var á stjórnvöld að efla þá sérhæfðu heilbrigðisþjónustu sem er í boði á Vesturlandi, bakdeildina við St. Fransiskusspítalann í Stykkishólmi og liðskiptadeildina við sjúkrahúsið á Akranesi. Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu er mikilvægur þáttur í byggðafestu og heilsugæslan verður að vera í stakk búin til að sinna



því sem henni ber. Auk þessarra ályktanna var kynnt Sóknaráætlun Vesturlands og kynningarmynd-

bönd frá Markaðsstofu Vesturlands frumsýnd.

JJ



**Krabbameinsfélag Snæfellsness**

*-Við erum hér fyrir þig!*

## Áhrif veikinda á fjölskyldur!

Vegna áskorana höfum við fengið Þorra Snæbjörnsson sálfræðing hjá Krabbameinsfélagi Íslands til þess að koma aftur til okkar og halda fyrirlestur um áhrif veikinda á fjölskyldur.

**Fyrirlesturinn verður haldinn mánudaginn 4.nóvember kl.18:00 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Þorri mun fjalla um þær áskoranir sem aðstandendur og krabbameinsgreindir standa gjarnan frammi fyrir þegar ástvinur greinist með krabbamein. Rætt verður um hvað er eðlilegt að upplifa í hugsunum og tilfinningum í þessum aðstæðum. Farið verður yfir þætti sem mikilvægt er að hafa í huga til að hlúa að sér og sínum og styrkja sig í aðstæðunum.

Boðið verður uppá fyrirspurnir og umræður.

**Verið hjartanlega velkomin!**

*Krabbameinsfélag Snæfellsness býður uppá súpu og brauð ásamt kaffi og sætum mola.*

## Neyðarkall

19 ár eru síðan sala á Neyðarkalli björgunarsveitanna hófst en nú er komið að sölu Neyðarkallsins árið 2024. Björgunarsveitirnar bjóða almenningi að styrkja starf þeirra með því að kaupa Neyðarkall en hagnaður af sölnunni rennur til Björgunarsveita og Slysavarnadeilda. Almenningur hefur í gegnum tíðina haft mikinn skilning á störfum björgunarsveita enda veit fólk að þegar neyðarkall berst bregðast þær hratt við með allan sinn

mannskap, búnað tækni og þekkingu. Félagar í björgunarsveitinni Lífsbjörg og Klakki munu ganga í hús í Snæfellsbæ og Grundarfirði 30.-31. október og bjóða Neyðarkallinn 2024 til sölu.

JJ



**FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Bjartur bestur

Bjartur Bjarmi Barkarson var á dögnum valinn besti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Aftureldingu en liðið mun spila í Bestu deildinni á næsta ári. Bjartur samdi við félagið árið 2022 en þá hafi hann spilað 47 deildi í leiki í næst efstu deild með Víkingi Ó. Úrslitaleikur Lengjudeildarinnar fór fram 28. september á laugardalsvelli gegn Keflavík og tryggði Afturelding sér þá sæti í Bestu Deildinni. Bjartur Bjarmi spilaði

allan úrslitaleikinn og var staðan í lok leiks 1-0. Lokahólf meistara-flokka Aftureldingar fór fram á Bankinn Bistro í Mosfellsbæ síðastliðinn föstudag. Bjartur var valinn besti leikmaður liðsins og hlaut glæsilegan bikar að launum. Samningur Bjarts við Aftureldingu rennur út um miðjan nóvember næstkomandi og verður spennandi að fylgjast með næstu skrefum hjá þessum efnilega knattspyrnumanni.

JJ



Jökull Bæjarblað

steinprent@simnet.is

436 1617

# GOTT AÐ ELDAST Á VESTURLANDI

Kynning á verkefninu Gott að eldast, vitundarvakning Félags og vinnumarkaðsráðuneytisins um félagslega einangrun. Kynning á þeirri þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu og stendur eldra fólki til boða.

## 4.nóvember

Stykkishólmur kl. 10:00 - Höfðaborg  
Grundarfjörður kl. 13:00 - Samkomuhúsið  
Snæfellsbær kl. 16:00 - Klif

## 5.nóvember

Búðardalur kl. 13:00 - Vínlandssetrið að Búðarbraut 1  
Borgarbyggð kl. 16:00 - Hátíðarsalur Brákarhlíðar

## 6.nóvember

Hvalfjarðarsveit kl. 13:00 - Miðgarður  
Akranes kl. 16:00 - FEBAN salur á Dalbraut 4

Samvera og kaffiveitingar í lok funda  
Öll velkomin!

Gott að eldast



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

## Bingó á Jaðri



Í tilefni að fyrsta vetrardegi ársins hélt Kvenfélag Ólafsvíkur sitt árlega bingó á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri síðastliðinn laugardag. Bingó er alltaf skemmtileg og spennandi iðja sem slær í gegn í hvert skipt-

ið. Að venju voru vinningarnir glæsilegir og kaffiveitingarnar á eftir ekki síðri. Kvenfélagskonur höfðu undirbúið pönnukökur, lagtertur og heita rétti sem íbúar og gestir gæddu sér á eftir spilið.

JJ



# Kristín sýndi í listrýminu 3 veggir

Ný sýning Kristínar Gunnlaugsdóttur opnaði í listrýminu 3 veggir laugardaginn 26. október síðastliðinn. Sýning Kristínar heitir Portrett og eru 65 portrett þar til sýnis sem hún hefur unnið á árinum 2019 til 2024. Verkin vinnur hún öll með bleki á akrýlgrunnaðan málarapappír. Verkin eru unnin með lifandi fyrirmyndir en þó er markmiðið ekki að líkjast fyrir-

sætunni sem mest heldur er andlit hennar nýtt sem stuðningur fyrir hvert portrett. Hver mynd Kristínar er einstök og býr yfir sögu sem áhorfandinn skynjar. Sýning Kristínar mun standa í listrýminu 3 veggir, Himinbjörg að Munaðarhóli 25-27 á Hellissandi til 17. nóvember og er hún opin frá 14 til 18 fimmtudaga til sunnudaga. SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis,  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Snæfellsnes og möguleg sameining sveitarfélaga



Á Snæfellsnesi starfa nokkur sveitarfélög: Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Stykkishólmubær og Eyja- og Miklaholtshreppur. Þessi sveitarfélög hafa með sér margvíslega samvinnu, nefna má skólamál. Framhaldsskóli fyrir svæðið er staðsettur í Grundarfirði. Nú hef ég ekki tiltækar tölur en mig grunar að stór hluti unglunga af svæðinu sé þar í námi. Á menningarssviði er margvísleg samvinna. Nefna má Eyrbyggju sem er félag áhugamanna um samnefnda sögu. Sögusvið hennar er reyndar allt Vesturland. Á FornuFróða gerðust ein mestu undur sem frá ersagt í Íslendingasögum. Einnig má nefna samstarf safna á Nesinu. Eyja og Miklaholtshreppur hefur sérstöðu. Hann er sveitasamfélag. Þar eru nú 49 bæ-

ir eins og lesa má á góðri heimasíðu hreppsins.

Almennt séð hefur atvinnubrúun verið frumvinnslugreinum óhagstæð i þeirri merkingu að störfum fækkar. Þróun er eðlileg i ljósi tækniþróunar og breyttra og bættra samgangna. Eitt af almennum einkennum samfélagsþróunar er mikill fjöldi innflytjenda. Í Snæfellsbæ eru Pólverjar mjög áberandi. Mér vitanlega hefur ekki komið til neinna vandræða þeirra vegna, ekkert umfram aðra.

Á norðanverðu nesinu eru öflug útgerðarfyrirtæki. Stór fyrirtæki eru í Rífi á Snæfellsnesi. En a svæðinu er einnig fjöldi smærri útgerða og útgerða sem eru fjölskyldufyrirtæki. Samþjöppun og aukin hagræðing eru æskileg að vissu marki. Fjölbreytni er líka afar mikilvæg. Nú er ég ekki sérstakur talsmaður smábátasjómannanna en mér er fullkomlega ljóst mikilvægi þeirra. Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi á svæðinu. Í ljósi alls þessa verður að teljast líklegt að til sameiningar sveitafélaga komi. Hvenær það gerist veit ég að sjálfsögðu ekki.

Hrafn Arnarson

## Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara fyrir 1. nóvember 2024.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að senda inn ársreikning með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari

# OPIÐ ER FYRIR UMSÓKNIR Í UPPBYGGINGARSJÓÐ VESTURLANDS

**STYRKIR TIL ATVINNUÞRÓUNAR & NÝSKÖPUNAR  
VERKEFNASTYRKIR TIL MENNINGARMÁLA  
STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR TIL MENNINGARMÁLA**

## RAFRAEN UMSÓKNARGÁTT

Á vef SSV er rafræn umsóknargátt  
Kynnið ykkur vel reglur og viðmið  
varðandi styrkveitingar  
Allar nánari upplýsingar á  
[www.ssv.is](http://www.ssv.is)



ÚTHLUTUN  
2025

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MED  
20. NÓVEMBER 2024 - KL. 16:00

## AÐSTOÐ VIÐ UMSÓKNIR

### ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARVERKEFNI

Helga Guðjónsdóttir [helga@ssv.is](mailto:helga@ssv.is) 895-6707

Hrafnhildur Tryggvadóttir [hrafnhildur@ssv.is](mailto:hrafnhildur@ssv.is) 849-2718

### MENNINGARVERKEFNI

Sigursteinn Sigurðsson

[sigursteinn@ssv.is](mailto:sigursteinn@ssv.is) 698-8503



## Uppbyggingarsjóður styrkti 13 verkefni

Í upphaf mánaðarins, þann 4. október, fór úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands fram í Menntaskóla Borgarfjarðar sem hluti af dagskrá Frumkvöðladags Vesturlands. Líkt og kom fram í 1130. tölublaði Jökuls var yfirheiti frumkvöðladagsins Nýsköpun í Vestri, var hann samstarfsverkefni Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi, Nývest, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og er styrkt af Sóknaráætlun Vesturlands. Við úthlutunina kynnti Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, Sóknaráætlun Vesturlands og Uppbyggingarsjóðinn en tilgangur sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Sjóðurinn úthlutar einu sinni á ári til menningarverkefna en tvisvar á ári til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Á þessu sinni var úthlutað til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Alls bárust 19 umsóknir, hlutu 13 verkefni styrk og alls var úthlutað 13.845.000 kr. Á meðal þeirra verkefna sem hlutu styrki var Hönnun og innleiðing nýrrar atvinnugreinar í brenndu kaffi sem fékk 500.000 krónur, Heilsueflandi styrkleikabjónusta á Hótel Langaholti fékk 700.000 krónur, 1.000.000 króna fór til Simply the West og



Grundarfjörður Fish Tales Museum fékk 1.900.000 krónur í styrk. Á þriggja til fjögurra ára fresti er einnig úthlutað öndvegisstyrkjum en það eru veglegri styrkir en alla jafna í úthlutunum sjóðsins. Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er öndvegisstyrkjum og fá þeir umsækjendur sem eruð með áhugaverðustu hugmyndirnar tækifæri til þess að vinna þær lengra áður en kemur til endanlegrar úthlutunar. Alls bárust 16 umsóknir og urðu fimm þeirra valdar til að gera viðskiptaáætlun og skila henni inn til nefndarinnar. Í pottinum í ár voru 20 milljónir króna sem fóru til þriggja verkefna sem voru valin í annarri umferð til að hljóta öndvegisstyrki. Á meðal þessarra þriggja verkefna

sem hlutu öndvegisstyrk var verkefna Kára Viðarssonar í Krossavík, sánapörp, sjópottar og lindarböð

og hlaut verkefnið stærsta styrkin í ár eða 10 milljónir króna.

SJ



Sími: 430 3700

[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



# TILBOÐSDAGAR

## Í VERSLUN HAMPIÐJUNNAR



iPhone 15 sími  
**Verð: 144.900,-**



Roborock Q7  
**Verð: 74.900,-**

AEG QX7  
Skafttryksuga  
Verð: 54.900,-  
**Tilboð 44.900,-**



AEG ofn og helluborð  
Verð saman: 239.990,-  
**Tilboð saman: 169.990,-**



Digihome 12/230V ferðasjónvarp  
24" Snjalltæki  
Verð: 54.900,-  
**Tilboð 44.900,-**



AEG kælikápur  
186cm  
220L / 93L  
Verð: 149.900,-  
**Tilboð 112.490,-**



Sangean útvarp  
Verð: 17.900,-  
**Tilboð 9.900,-**



bykkir og fódraðir regnjakkar  
Verð: 21.990,-  
**Tilboð 4.990,-**

Samsung hátalari ST-50  
Verð: 99.900,-  
**Tilboð 49.900,-**



Levenhuk sjónauki 8x25  
Verð: 23.900,-  
**Tilboð 13.900,-**



Beyer Dynamic Space  
hátalari / Speakerphone  
Verð: 26.900,-  
**Tilboð 15.900,-**

 **DIDRIKSONS**  
Didriksson fatnaður  
**Restar á**  
**50% afslætti**

**HAMPIÐJAN**  
**VERSLUN ÓLAFSVÍK**  
Ólafsbraut 19 - s. 436 1214 - olafsvik@hampidjan.is

 **VIKING**  
Viking skór  
**Stök númer á**  
**50% afslætti**